



Alþingi
Erindi nr. P 135/959
komudagur 17.12.2007

Nefndasvið Alþingis
b.t. iðnaðarnefndar
Austurstræti 8-10

Tilvísun vor: 98.11
Reykjavík, 14.12.2007

150 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum nr. 65/2003, 43. mál

Með bréfi iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 27. nóvember 2007, er óskað umsagnar Landsvirkjunar um ofangreint frumvarp.

Fyrstu samningar Landsvirkjunar vegna rafmagnssölu til ISAL og Íslenska járnblendifélagsins voru gerðir á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar. Á þeim tíma hafði Landsvirkjun í raun sérleyfi til að byggja stærri virkjanir og ekki var viðskiptaleynd á rafmagnsverði til stóriðju enda þurfti samþykki Alþingis fyrir samningum við stóriðjufyrirtæki. Á síðasta áratug síðustu aldar breyttist innlendi raforkumarkaðurinn og aðrir raforkuframleiðendur juku framleiðslu sína og hófu rafmagnssölu til stóriðju. Jafnframt varð samkeppnin við erlenda aðila um rafmagnssölu til stóriðjufyrirtækja æ ljósari. Þetta hafði í för með sér að ekki þótti rétt af samkeppnisástæðum að opinbera verð í nýjum rafmagnssamningum við stóriðju og samþykkti stjórn Landsvirkjunar einróma á stjórnarfundum 7. nóvember 1995 eftirfarandi ályktun:

„Stjórn Landsvirkjunar ályktar að það geti verið til þess fallið að veikja samningsstöðu Landsvirkjunar að því er varðar samninga um orkusölu til stóriðju, að viðsemjendur fyrirtækisins hafi aðgang að verðákvæðum áður gerðra rafmagnssamninga og samþykkir því að viðskiptaleynd skuli ríkja um orkuverðsákvæði fyrirhugaðs viðaukasamnings við Íslenska álfélagið hf.“

Allir stjórnarmenn, hvar í flokki sem þeir stóðu, greiddu tillögunni atkvæði. Þannig var talið að það þjónaði best hagsmunum Landsvirkjunar að trúnaður ríkti um orkuverð. Minna má á að á skömmum tíma eftir þessa samþykkt gekk Landsvirkjun frá samningi bæði vegna stækkunar Járnblendifélagsins og til Norðuráls. Ljóst er að trúnaður um rafmagnsverð var lyklatríði fyrir samningsstöðu Landsvirkjunar á þeim tíma.

Frá þessum tíma hafa raforkusamningar til stóriðju verið trúnaðarmál. Eigendur Landsvirkjunar hafa að sjálfsögðu verið upplýstir um verð og forsendur. Þannig hafa ríkisstjórn, borgarstjórn og bæjarstjórn Akureyrar fengið upplýsingarnar ásamt iðnaðarnefnd Alþingis.

Á undanförunum árum hefur orðið mikil breyting í rekstrarumhverfi raforkufyrirtækjanna. Orkufyrirtækin starfa í samkeppnisumhverfi og nú gera þau raforkusamninga við íslensk fyrirtæki, sem kaupa mikla orku. Slíkir samningar eru oft gerðir á grundvelli útboðs og er verð






ekki gefið upp. Það er almenn regla, þar sem samkeppni ríkir, að gefa ekki upp verð milli birgja og smásala og stórir orkukaupendur telja það hagsmunamál að gefa ekki upp kaupverð raforkunnar og hafa lagt áherslu á að ákvæði séu um slíkt í samningum. Þegar um einokunarstarfsemi er að ræða gilda verðskrár. Þannig eru í gildi opinberar verðskrár hjá Landsneti fyrir flutning á rafmagni – einnig rafmagni til stóriðju.

Hér er í raun komið að kjarna málsins. Það er ekki gerlegt í samkeppnisumhverfi að opinbera öll verð. Vandí raforkufyrirtækjanna er sá að þau eru í eigu opinberra aðila og þess vegna eru gerðar meiri kröfur um gagnsæi í rekstri þeirra. En þau starfa einnig í samkeppnisumhverfi þar sem óheimilt er að hafa samráð um verð til notenda og upplýsingar um verð milli fyrirtækja eru ekki gefnar. Hvenær sem er getur einkafyrirtæki haslað sér völl í raforkuvinnslu og smásölu á rafmagni. Slíku fyrirtæki verður ekki skylt að gefa upp verð án lagafyrirmæla.

Með vísun til framangreinds leggst Landsvirkjun gegn því að breyting samkvæmt fyrirbyggjandi frumvarpi verði gerð á raforkulögum.

Virðingarfyllst


Örlýgur Þórðarson
yfirmaður lögfræðimála